

Forsætisráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Þingmannanefnd sem fjallar um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sbr. lög nr. 146**
Sendandi: **Forsætisráðuneytið**
Dagsetning: **19.02.2010**
Málsnúmer: **FOR09120086**
Bréfalykill: **0.0**

Efni: Nefndir á vegum Stjórnarráðsins sem fjalla um úrbætur í kjölfar falls íslensku bankanna.

Á fundi níu manna þingmannanefndar sem fjallar um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og mótar tillögur að viðbrögðum Alþingis við niðurstöðum hennar 2. febrúar sl. var óskað eftir yfirliti yfir nefndir á vegum Stjórnarráðsins sem fjalla um úrbætur í kjölfar falls íslensku bankanna. Í minnisblaði þessu er að finna yfirlit yfir helstu nefndir á vegum Stjórnarráðsins sem falin hafa verið slík verkefni og eru nú að störfum:

Fyrir liggur að Rannsóknarnefnd Alþingis, sbr. lög nr. 142/2008, til þess að rannsaka aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða, mun skila ítarlegri skýrslu til Alþingis í marsmánuði. Ljóst er að fram kunna að koma í skýrslunni atriði er beinast að stjórnsýslunni og starfsháttum Stjórnarráðsins. Forsætisráðuneytið hefur undirbúið viðbrögð stjórnsýslunnar við skýrslunni með margvíslegum hætti og m.a. haft samráð við þingmannanefnd sem jafnframt mun fjalla um viðbrögð við skýrslunni.

Fulltrúar forsætisráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins, efnahags- og viðskiptaráðuneytisins, dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins hafa fjallað um samræmd vinnubrögð og upplýsingagjöf stjórnvalda við útkomu skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Markmið með þessari vinnu er að vinnubrögð og viðbrögð verði samræmd, fúmlaus og vönduð. Jafnframt hefur samráðshópur ráðuneyta um upplýsingamál undirbúið viðbrögð við skýrslu rannsóknarnefndarinnar og kynningu á þeim.

Skipaðar hafa verið eftirtaldar þrjár nefndir sem fjalla um viðbrögð við rannsóknarskýrslunni og úrbætur í stjórnsýslunni að öðru leyti:

1. Forsætisráðherra hefur skipað nefnd sem skal taka skýrslu rannsóknarnefndarinnar til ítarlegrar umfjöllunar og meta þau atriði sem beinast kunna sérstaklega að stjórnsýslunni og starfsháttum Stjórnarráðsins. Formaður nefndarinnar er Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor. Nefndin skal gera tillögur til forsætisráðherra og ríkisstjórnar um hugsanleg viðbrögð við þeim í samræmi við ábendingar rannsóknarnefndarinnar. Nefndin hefur þegar hafið störf og gert er ráð fyrir að hún ljúki verkefni sínum tveimur til þremur vikum eftir útkomu skýrslu rannsóknarnefndarinnar.

2. Forsætisráðherra hefur skipað nefnd sem falið hefur verið að endurskoða lög um Stjórnarráð Íslands í heild sinni og gera tillögur um lagabreytingar. Meðal þeirra atriða sem

varða starfsemi Stjórnarráðsins og þarfnast sérstakrar skoðunar má nefna ákvæði um:

Starfshætti ríkisstjórnar og fyrirkomulag ríkisstjórnarfunda og annarra ráðherrafunda, m.a. hvaða mál skuli leggja fyrir ríkisstjórnarfundum og í hvaða formi það skuli gert.

Innra skipulag ráðuneyta innan Stjórnarráðsins og starfsheiti starfsmanna.

Pólítíska aðstoðarmenn ráðherra, m.a. um stöðu pólitískra aðstoðarmanna innan ráðuneytis, ráðningu þeirra, starfslok og fjölda þeirra.

Auglýsingaskyldu starfa hjá hinu opinbera og frávik frá þeirri skyldu m.a. vegna tímabundinna aðstæðna.

Heimildir til tilflutnings embættismanna og annarra starfsmanna innan Stjórnarráðsins, m.a. um málsmeðferð og formkröfur laganna og mögulega flutningsskyldu.

Forsætisráðherra hefur jafnframt beint því til nefndarinnar að taka til umfjöllunar niðurstöðu nefndar sem fjallaði undir forystu Páls Hreinssonar um starfsskilyrði stjórnvalda og eftirlit með starfsemi þeirra og réttarbrotum í stjórnsýslunni sem skipuð var í samræmi við ályktun Alþingis frá 2. júní 1998. Svo virðist sem ekki hafi verið unnið með tillögum nefndarinnar fyrr en nú ellefu árum eftir að nefndin skilaði forsætisráðuneytinu niðurstöðum sínum. Nefnd um endurskoðun á starfsumhverfi Stjórnarráðsins hefur nú verið falið að meta hvort og þá með hvaða hætti megi styrkja Stjórnarráðið og stjórnsýsluna til þess að tryggja vönduð vinnubrögð á öllum sviðum ekki síst þegar fjallað er um réttindi og skyldur hins almenna borgara. Þá skal nefndin jafnframt leggja mat á hvort ástæða sé til þess að breyta lagaákvæðum sem kveða á um afleiðingar réttarbrotum í stjórnsýslunni.

3. Starfshópur um endurskoðun upplýsingalaga sem forsætisráðherra skipaði er að störfum. Hann fjallar m.a. um hvort möguleiki sé á því að víkka út gildissvið upplýsingalaganna, t.d. þannig að þau nái til einkaaðila, þ.e. hlutafélaga og sameignarfélag, sem alfarið eru í eigu hins opinbera. Þá er starfshópnum ætlað að skoða hvernig megi í ljósi reynslunnar af upplýsingalögum og framkvæmd úrskurðarnefndar um upplýsingamál rýmka aðgengi almennings að upplýsingum í förum stjórnvalda. Starfshópurinn skal taka mið af löggjöf í nágrannalöndum og sáttmála Evrópuráðsins um aðgang að opinberum upplýsingum.

4. Forsætisráðherra hefur lagt fram og mælt fyrir frumvarpi til laga um siðareglur fyrir embættismenn og aðra starfsmenn innan stjórnsýslu ríkisins. Megintilgangur frumvarpsins er að skapa lagalega umgjörð um siðareglur fyrir stjórnsýslu ríkisins og störf ráðherra. Í því skyni eru lagðar til breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands, lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, lögum um umboðsmann Alþingis og lögum um ráðherraábyrgð. Er það í fyrsta sinn sem kveðið er á um setningu slíkra reglna hér á landi. Gert er ráð fyrir að settar verði siðareglur fyrir ráðherra, embættismenn og aðra starfsmenn stjórnsýslunnar og aðstoðarmenn ráðherra. Umboðsmaður Alþingis mun samkvæmt frumvarpinu hafa eftirlit með siðareglum sem settar hafa verið í stjórnsýslu ríkisins hvort sem þær varða ráðherra, aðstoðarmenn eða Stjórnarráðið eða ríkisstofnanir og taka við kvörtunum frá almenningi eða ríkisstarfsmönnum um brot á siðareglum.